



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Mánudagur, 31. ágúst, 2009

Ákvörðun nr. 29/2009

Kaup Landsbanka Íslands hf. og Yucaipa American Alliance fjárfestingarsjóðanna á hlut í L1003 ehf.

I.

Þann 24. júlí 2009 barst Samkeppniseftirlitinu samrunatilkynning vegna kaupa Landsbanka Íslands hf. (hér eftir LAIS) og fjárfestingarsjóðanna Yucaipa American Alliance Fund II, LP og Yucapia American Alliance (Parallel) Fund II, LP (hér eftir Yucapia) á samtals 78,3% hlut í félaginu L1003 ehf. (hér eftir L1003). Fullnægði tilkynningin skilyrðum samkeppnislaga og reglna nr. 684/2008 um tilkynningu samruna en félögum sem ekki starfa á sömu mörkuðum er heimilt að skila styttri tilkynningu skv. 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga vegna samruna. Eignarhlutur LAIS nemur 46% hlutafjár en eignarhlutur Yucapia 32,3%.

Líkt og fram kemur í samrunatilkynningu er LAIS annars vegar í greiðslustöðvun og hins vegar í slitameðferð sem lýtur sömu lagareglum og gjaldþrotameðferð fjármálafyrirtækis. Rekstur félagsins felst skv. samrunaskrá í því að koma núverandi eignum þrotabúsins í verð þannig að unnt sé að nýta þær til greiðslu skulda búsins. Að mati samrunaaðila starfar LAIS því ekki á neinum tilgreindum markaði þar sem félagið hvorki bjóði þjónustu né selji vöru til viðskiptavina.

L1003, eða „Nýja Eimskip“ eins og það er kallað í samrunatilkynningu, mun verða skipa- og flutningsfyrirtæki. Þann 1. júlí sl. veitti Héraðsdómur Reykjavíkur Hf. Eimskipafélagi Íslands (hér eftir Eimskip) heimild til að leita nauðasamninga. Í frumvarpi til nauðasamninga er m.a. kveðið á um að Eimskip selji allan rekstur, þ.m.t. dótturfélög til hins nýja félags, L1003 eða „Nýja Eimskips“. L1003 mun því í framtíðinni sinna þeirri kjarnastarfsemi sem Eimskip hefur til þessa sinnt, þ.e. flutningastarfsemi. Ljóst er því að „Nýja Eimskip“ og Eimskip eru sama fyrirtækið í skilningi samkeppnislaga.

Móðurfélag framangreindra fjárfestingarsjóða sem hér eru nefndir Yucaipa er fjárfestingarsjóður sem sérhæfir sig í fjárfestingum og rekstri fyrirtækja á sviði smásölu, neytendavarnings, dreifingar, vörugeymslu, flutninga- og iðnaðarframleiðslu. Samrunaaðilar hafa skuldbundið sig til þess að breyta samþykktum hins yfirtekna félags með þeim hætti að Yucaipa og LAIS fara með sameiginleg yfirráð yfir L1003. Má það m.a. ráða af því að hvort félagið fyrir sig mun hafa neitunarvald vegna allra ákvarðana sem teknar verða í stjórn þess.

Í 17. gr. c samkeppnislaga segir að telji Samkeppniseftirlitið að samruni hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða eins eða fleiri fyrirtækja verði til eða slík



staða styrkist, eða verði til þess að samkeppni á markaði raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, geti stofnunin ógilt samruna eða sett honum skilyrði. Að sögn samrunaaðila fer enginn eiginlegur rekstur fram af hálfu LAIS heldur er þar í reynd um þrotabú að ræða. Felst starfsemi félagsins fyrst og fremst í því að koma eignum í verð. Þá segir að hvorki LAIS né Yucaipa hafi bein eða óbein yfirráð yfir félagi sem hefur með höndum áþekkan rekstur og L1003 eða „Nýja Eimskip“ mun reka.

Í samrunaskrá er vísað til úrskurðar áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 3/2008 *Hf. Eimskipafélag Íslands gegn Samkeppniseftirlitinu* um stöðu Nýja Eimskips á markaði fyrir farmflutninga. Í tilvitnuðum úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála kemur fram að fyrirtækið sem í kjölfar þess samruna sem hér er fjallað um má nefna Nýja Eimskip hafi verið í markaðsráðandi stöðu á mörkuðum fyrir farmflutninga með reglubundnum áætlunarsiglingum milli Íslands og hafna í Evrópu annars vegar og Norður-Ameríku hins vegar. Gögn sem Samkeppniseftirlitið hefur undir höndum benda til þess að staða Eimskipafélagsins á markaði sé enn svo sterk að líklegt megi telja að félagið sé enn markaðsráðandi.

Eigi að síður liggur fyrir í málinu að yfirtökufélög Nýja Eimskips eru ekki keppinautar né gefa gögn málsins til kynna að önnur samkeppnisleg tengsl séu á milli þeirra. Þá er ekki um það að ræða að staða Nýja Eimskips styrkist með þeim hætti að kalli á aðgerðir skv. samkeppnislögum. Í ljósi þessa og með hliðsjón af öðrum gögnum málsins er það mat Samkeppniseftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna samruna LAIS, Yucaipa og L1003.

II.

Ákvörðunarorð:

„Kaup Landsbanka Íslands hf. og fjárfestingarsjóðanna Yucaipa American Alliance Fund II, LP og Yucapia American Alliance (Parallel) Fund II, LP á 78,3% eignarhlut í L1003 ehf. telst samruni í skilningi 17. gr. samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki ástæðu til þess að aðhafast vegna samrunans.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson